

Föstudaginn 9. apríl 1965.

Nr. 11/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Péttri Andrésí Ólafssyni Aðalsteinssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tilraun til nauðgunar.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms, og verknaður ákærða er þar rétt færður til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 14 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans 20.—27. september 1961 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Rétt þykir að taka fébótakröfu X á hendur ákærða, kr. 12.700.00, til greina að öllu leyti.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Andrés Ólafsson Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 14 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans 20.—27. september 1961 skal koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði greiði X kr. 12.700.00.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 27. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. þ. m., er höfðað fyrir sakadómi Vestmannaeyja með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 25. október 1961, á hendur Péttri Aðalsteinssyni Ólafssyni, þá hóteltjóra á Hótel H.B. í Vestmannaeyjum, nú búsettum á Ísafirði,

„fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 19. september 1961 hrakið stúlkuna X úr anddyri Hótel HB í Vestmannaeyjum og inn í billiardstofu og síðan niður í kjallara hótelsins og fyrir að hafa þar ráðizt á hana, slegið höfði hennar við gólfið og gripið um vit stúlkunnar, er hún reyndi að kalla á hjálp, svo og fyrir að hafa, eftir að stúlkan hafði misst meðvitund við aðfarir þessar, svipt hana klæðum og haft eða reynt að hafa við hana holdlegt samræði. Hlaut stúlkan nokkra marbletti á höfði, handleggjum og lærum.

Framangreint atferli þykir aðallega varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við nefnt ákvæði sbr. 20. gr. sömu laga, og 217. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur á Patreksfirði 28. desember 1937 og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum, öllum í Reykjavík:

- 1955 25/8 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 6/11 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 1956 2/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. bifreiðalaga.
- 3/2 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
- 7/3 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.
- 13/3 Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. sbr. 7. gr. bifreiðalaga.

- 1956 17/5 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 5. og 27. gr. bifreiðalaga.
 — 8/11 Dómur, 2ja mánaða varðhald, sviptur ökuleyfi ævi-
 langt frá 29. júní 1956 fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum.
 1960 26/9 Áminning fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.

Aðfaranótt miðvikudagsins 20. september 1961, kl. 0300, kom stúlkan X, . . . , Vestmannaeyjum, á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum í fylgd með Sigurgeiri Scheving verzlunarmanni og bar fram kæru á hendur ákærða fyrir ótilhlýðilegt hátterni gagnvart henni þá fyrir skammri stundu. Stúlkan var mjög illa til reika, bólgin og blóðug í andliti, hárið í óreiðu, föt hennar óhrein, sokkinn vantaði á annan fótinn, en á hinum fætinum var sokkurinn kominn niður á ökla. Hún var í úlpu, sem var talsvert óhrein að innanverðu. Í úlpuvasanum var sokkabandabelti hennar og annar sokkurinn og slitrin af hinum í tengslum við beltið. Hún var buxnalaus og gerði sér það ekki ljóst, fyrr en nokkru eftir að hún kom. Hún var með grátekka og mikið miður sín og tal hennar ruglingslegt í fyrstu. Hún var undir áhrifum vins, en lítið, kvaðst lögreglan hafa merkt á henni lítills háttar áfengisáhrif. Lagðist hún fyrir uppi í dývan á lögregluvarðstofunni, strax og hún kom, og lá þar, meðan hún var að jafna sig og gera grein fyrir því, sem fyrir hafði komið. Að því búnu, var hún flutt heim til sín. Um morguninn var hún skoðuð af Henrik Linnet héraðslækni og Einari Guttormssyni sjúkrahúslækni. Samkvæmt vottorði héraðslæknis bar hún merki eftir áverka, sem hér segir:

1. Léttur þroti og mar í kringum h. auga, og eru bæði augnalok aðeins þrútin, lítil rispa á neðra augnaloki, og frá innri augnkrók gengur löng rispa eftir hægri hlið nefsins fram á nös, enn fremur að sjá smárispa neðan vinstri ytri augnkróks.
2. Smámarblettir handarbaksmegin á báðum framhandleggjum, gómstórir h. megin niður undir úlnlið, v. megin minni og nokkru ofar.
3. Framan og utanvert á h. ökla er húðin nudduð af á svæði, en þó ekki blætt í gegn.
4. Í hnakka eru talsverð eymsli, ofanvert h. megin, en blæðing ekki finnanleg.
5. Á báðum lærum innanverðum um og ofan miðbiks þeirra eru marblettir, 4 á h. læri, er gætu verið eftir fingur, er rífið

hefði verið sokkaband t. d. af slösuðu, og innan á v. læri er vel fingurstór marblettur.

6. Á v. hné eru smáskrámur og fleiðursvottur á h. hné.
7. Þegar kynfæri eru skoðuð, sést á h. innra barmi niður undir spöng smárifa og blóðdilar undir húð og á v. barmi vottar einnig fyrir rifu, hefur því slasaða greinilega orðið fyrir hnjaski þar. Hún var með tíðablæðingar.

Báðir lækarnir mættu síðan fyrir rétti og staðfestu vott-orðið. Kváðu þeir rifurnar, sem rætt er um undir lið 7, hafa verið í meyjarhafti og verið nýjar. Meyjarhaftið var ekki heilt, en Einar Guttormsson læknir taldi, að ekki hafi verið unnt að ganga úr skugga um, hvort það væri nýsprungið, en taldi það ósennilegra. Hann kvaðst álíta, að áverkar á kynfærum stúlkunnar hafi getað stafað frá hné, hendi eða lim, og meðal annars af samförum, er harkalega væri að farið.

X kvaðst hafa komið inn á Smárabar þriðjudagskvöldið 19. september 1961. Hitti hún þar Sigurgeir Scheving verzlunarmann og fór með honum inn á birgðageymslu barsins og þáði hjá honum vínblöndu. Þangað kom drukkin stúlka, sem þau könnuðust við. Vildu þau liðsinna henni, náðu í bifreið og fóru með hana upp að Hótel HB. Fengu þau þar herbergi handa stúlkunni og fóru með hana þangað. Lagðist stúlkann þar fyrir. Sigurgeir varð þar eftir, en X fór aftur niður á Smárabar og átti þar tal við vinkonu sína, Sigurborgu Engilbertsdóttur, og beiddi hana að koma með sér upp á Hótel HB. Fóru þær svo báðar þangað. Í anddyri hótelsins var þá stödd drukkn stúlkan, og voru þeir Sigurgeir og ákærði að tala við hana. Stúlkann hljóp burtu, er þær komu, en ákærði og Sigurgeir sneru sér að þeim og buðu þeim upp í herbergið, sem stúlkann hafði fengið. Var það herbergi nr. 304. Þær þágu boðið og fóru með þeim upp í herbergið. Var nú ákveðið að neyta vins. Kvaðst Sigurgeir eiga gínflösku, og fór hann burt til þess að sækja hana. Hin þrjú biðu í herberginu á meðan. Ákærði fór út von bráðar og aflæsti herbergishurðinni á eftir sér. Hann kom þó fljótlega aftur og var síðan inni í herberginu hjá stúlkunum. X þótti biðin löng og hafði orð á því, að hún yrði að fara heim, þar sem hún þyrfti að mæta í vinnu kl. 0800 um morguninn. Ákærði kvaðst ekki geta hleypt henni út, vegna þess að hann hefði aðeins einn útidyralykil, sem hann hefði lánað Sigurgeiri. Eftir um hálf tíma fjarveru kom Sigurgeir aftur og með gínflösku meðferðis, og fóru þau svo öll að neyta vinsins. Sjálf kvaðst X

lítills víns hafa neytt og aðeins fundið lítillaga til vínáhrifa. Bæði ákærði og Sigurgeir voru undir áhrifum. Sigurgeir sneri sér aðallega að Sigurborgu og ræddi við hana, en ákærði ræddi við X. Fór hann brátt að leita á hana og mæltist til samfara við hana og vildi, að þau færu inn í annað herbergi. X hafnaði þessu og kvaðst vera með tíðablæðingar. Eftir nokkurn tíma kveðst hún hafa staðið upp og beðið ákærða að hleypa sér út. Fóru þau svo bæði út úr herberginu. Gengu þau þegjandi niður að útidyrum hótelsins, sem voru læstar. Beiddi hún ákærða að opna, en hann anzaði því engu, slökkti ljósið og fór áleiðis upp á næstu hæð, en sneri við á leiðinni og gekk til hennar og ýtti henni á undan sér inn í billiardstofuna og lokaði á eftir sér. Billardstofan er á neðstu hæð og opnast út í anddyri hótelsins. Dimmt var þar inni. Er inn í billiardstofuna kom, ýtti hann henni áfram að niðurgangi í kjallara hússins og síðan niður stigann ofan í kjallarann. Hún veitti mótspyrnu, en gat enga rönd við reist. Er þau komu niður í kjallarann, réðst ákærði á hana og slengdi henni niður í gólfið og lagðist ofan á hana. Varð henni nú ljóst, að ákærði ætlaði að hafa við hana samfarir. Tók hún þá að æpa og veitti þá mótspyrnu, sem henni var unnt. Ákærði tók fyrir munn hennar og nef með annarri hendinni, en með hinni reyndi hann að toga upp um hana pilsíð. Viðureign þeirra stóð allangan tíma, og slóst höfuð hennar hvað eftir annað í steingólfið, og að síðustu missti hún meðvitund. Meðan hún vissi af sér, hafði ákærða hvorki tekizt að fletta hana klæðum né hafa við hana samfarir. Er hún kom til sjálfrar sín aftur, lá hún upp í loft á gólfinu og ákærði við hlið hennar og var rólegur. Pils hennar var þá komið upp fyrir mjaðmir, og ekki var hún lengur í buxum, en tvennum buxum var hún í, þegar hún kom þarna inn. Magabeltið lá við hlið hennar og annar sokkurinn og slitur af hinum áfast við það. Skórnir voru við fætur hennar. Hún hélt á regnhlíf og segulbandstæki, er hún fór niður í kjallarann, en missti þetta hvort tveggja í átökunum. Er hún rankaði við sér, reis hún upp og kveðst hafa spurt ákærða, hvort þau ættu ekki að koma upp og hafi ákærði samsinnt því. Fór hún svo í skóna og þreif í skyndi magabeltið og segulbandstækið, sem var við hlið hennar á gólfinu, og hljóp af stað í ofboði og án þess að hafa dregið pilsíð niður fyrir mjaðmir. Regnhlífina fann hún ekki, og varð hún eftir. Ákærði var ekki staðinn upp, er hún hljóp af stað, en þá reis hann upp og veitti henni eftirför. Hún hljóp inn í

billiardstofuna og að dyrunum beint á móti, en þær voru læstar. Fór hún þá að dyrunum til hægri og komst þar út með því að draga upp smekklás. Ákærði veitti henni eftirför að dyrunum, en náði henni ekki eða tókst ekki að halda henni fastri. Hún var ofsalega hrædd, og þegar út kom, hljóp hún að næstu dyrum, sem hún kom að, og æpti á hjálp, fyrst hjá Jóni Sigurðssyni, svo hjá læknum og síðan húsinu þar á móti. Í þessu kom Sigurgeir Scheving eftir götunni, og fylgdi hann henni til lögreglunnar. Pilsíð kvaðst hún fyrst hafa togað niður, er hún kom út á götuna. Hún fullyrti, að alla áverkana, sem hún bar, hefði hún fengið í viðureigninni við ákærða, og væru þeir allir af hans völdum.

Nokkrum dögum eftir að þetta gerðist, fór lögreglan með X upp á hótél, svo að hún gæti vísað á staðinn, þar sem hún varð fyrir árásinni. Benti hún á miðstöðvarherbergið, sem er innan við innganginn í kjallarann. Kvaðst hún þess fullviss, að þetta væri staðurinn, því hún kannaðist þar við sömu gerð af gluggum og hún sá móta fyrir um nóttina.

Sama daginn og kæra X kom fram, fór lögreglan upp á hótél og gerði leit að buxum hennar og athugaði aðstæður og vegsummerki. Virtist sjást merki eftir spark á gólfinu fyrir utan miðstöðvarherbergið, en hins vegar ekki inni í miðstöðvarherberginu sjálfu. Þar var bleyta á gólfi, en pils X blautt, er hún kom á lögreglustöðina um nóttina. Buxur hennar fann lögreglan ekki. Þær komu hins vegar í leitirnar nokkrum dögum síðar. Fundust þær fyrir neðan stiga úr eldhúsinu í geymslu, sem er inn af billiardstofunni og við niðurganginn í kjallarann.

Ákærði skýrði svo frá, að um áttaleytið umrætt kvöld hafi Sigurgeir Scheving komið til hans, og hafi þeir ákveðið að drekka vín saman um kvöldið. Þegar liðið var á kvöldið, kom Sigurgeir með stúlku með sér. Hún stóð stutt við, en um sama leyti og hún fór, komu tvær stúlkur, X og Sigurborg. Fóru þeir Sigurgeir með stúlkunum upp á herbergi nr. 304, og var þá klukkan um 11 eða 11½. Var þegar sett að drykkju. Um tólfleytið hafi Sigurgeir farið út til þess að ná í meira vín, og hafi hann verið um 15 mínútur í burtu. Er hann kom aftur, var drykkjunni haldið áfram. Ákærði viðurkenndi, að meðan þau voru öll stödd þarna í herberginu, hafi hann haft tilburði til samfara við X, en þegar til kom, hafi hann ekki verið upplagður til þess og því hætt við það. Ekki kvaðst hann geta gert nánari grein fyrir, hve langt þetta var á veg komið. Er hann var spurður að, hvernig

X hafi tekið þessu, svaraði hann einungis, að hún hafi tekið því, eins og hún væri vön, án þess að gefa frekari skýringar. Löngu síðar, er hann var spurður þess sama, sagði hann, að hún hafi tekið þessu vel. Hann sagði, að um tvöleytið um nóttina hafi hún talað um að fara að fara. Kveðst hann þá hafa gengið með henni niður að aðalútgangi hótelsins. Þá hafi hún viljað fara upp aftur til þess að ná í vinkonu sína, sem eftir varð uppi, að því er honum skildist. Ákærði kvaðst hafa varnað henni að fara upp aftur, því að hann hafi ekki viljað meiri umgang um húsið. Tók hann til hennar og hélt henni fastri. Eftir þetta hafi lent í átökum milli þeirra og leikurinn borizt um allt anddyrið, en ekki út fyrir það. Hann sagði, að dimmt hefði verið á allri götuhæðinni, meðan á þessu stóð. Ekki mundi hann, hvort ljós hafi verið þar, er þau komu niður, en taldi það ólíklegt, því ekki hafi verið venja að láta ljós loga um nætur. Hann sagði, að þau hefðu dottið í þessum átökum, og taldi hann líklegt, að hann hafi fallið ofan á hana. Af frásögn hans má ráða, að þau hafi dottið oftar en einu sinni og jafnvel margsinnis, því hann tók fram, að hann hefði ávallt staðið fyrir upp aftur, er þau féllu í þessum átökum. Hann kvaðst ekki minnst þess að hafa slegið hana, en hann kvaðst hafa tekið fyrir andlit hennar, bæði er hún lá á gólfinu í anddyrinu og eins er hún stóð á fótunum. Kvaðst hann hafa gert þetta til þess að varna hávaða. Hann sagðist hafa tekið óþyrmilega á henni í átökunum og taldi ekki óeðlilegt, að hún væri með marbletti víða um líkamann, og taldi raunar, að þeir gætu alls staðar verið. Hann neitaði því, að hann hafi nokkru sinni í þessum átökum ætlað sér að hafa við hana samfarir. Er þau stóðu upp að síðustu, sagði hann, að X hafi hlaupið út og kallað, að ákærði ætlaði að myrða hana. Hann kvaðst engin föt hafa slitið af henni, og átökin hefðu öll farið fram í anddyri hótelsins, og hafi þau staðið yfir í 10—15 mínútur. Hann sagði, að hún hefði verið með segulbandstæki, litla tösku og regnhlíf. Regnhlífina kvaðst hann hafa tekið af henni og kastað út á götu, vegna þess að hún hafi lamið hann með henni. Töskunni hafði hún haldið á og segulbandstækið hafi verið í ól, sem lá í olnbogabót annarrar hvorrar handar allan tímann, sem átökin stóðu yfir. Í þessu sambandi skal þess getið, að X kvaðst enga tösku hafa verið með.

Er stúlkan var farin út, kvaðst hann hafa farið aðeins út úr hótelinu, en var þó ekki viss um það. Fór hann svo rակleitt inn

á skrifstofu sína og lagðist þar á dývan og hélt, að hann hefði sofnað. Heyrði hann svo hringingu og fór fram til þess að aðgæta, hver það væri. Á gangi annarrar hæðar hitti hann Sigurgeir og Sigurborgu, sem voru á útleið. Opnaði hann síðan fyrir þeim.

Ákærði skýrði svo frá, að eitt sinn, áður en þessir atburðir gerðust, hafi þau X reynt að hafa samfarir saman, en ekki tekizt af ástæðum, sem hann tilgreindi. Stúlkan kvað þetta algeran uppspuna, hún hefði raunar tvisvar setið við sama borð og hann á dansleik í samkomuhúsinu, og í bæði skiptin hefði hann beðið hana að koma með sér upp á hótél, en hún neitað í bæði skiptin. Einnig hefði hún hitt hann nokkrum dögum fyrr á dansleik á hótelinu og þegið hjá honum lögg af áfengisblöndu inni í eldhúsi. Töluðust þau þar við aðeins skamma stund, og fór svo hvort sína leið, hún inn í danssalinn, en ákærði eitthvað annað. Um önnur kynni þeirra á milli hafi ekki verið að ræða.

Vitnið Sigurgeir Scheving verzlunarmaður kvaðst hafa komið inn á Smárabab kl. rúmlega 2100 þriðjudaginn 19. september 1961. Þar hitti hann X og bauð henni inn í birgðageymslu inn af barnum og gaf henni vínböldu. Skömmu síðar hafi afgreiðslumaðurinn komið með drukkna stúlku inn fyrir. Bæði hann og X vildu liðsinna stúlkunni og koma henni í næturstað. Fóru þau með hana að Hótél HB og fengu þar herbergi handa henni. Lagðist stúlkan þar fyrir. X fór svo burt, en sjálfur kvaðst hann hafa farið með hótélstjóranum, ákærða, niður á skrifstofu hans. Hann kvaðst hafa verið talsvert undir áhrifum víns, en ekki kvaðst hann þora að segja um, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum. Skömmu síðar varð hann þess var, að stúlkan var komin á kreik, og er hann og ákærði gættu að, var hún komin niður í billiardstofu. Bað hún um að fá að komast út, og var það leyft. Er þeir voru að hleypa stúlkunni út, komu tvær stúlkur upp tröppur hótelsins, og var önnur þeirra X, en hin var Sigurborg Engilbertsdóttir. Gengu þau öll saman upp á herbergið, þar sem drukkna stúlkan hafði verið. Var nú ákveðið að ná í vín. Sigurgeir átti ginflösku heima hjá sér og fór nú og sótti hana. Kvaðst hann hafa komið aftur með flöskuna, er kl. var 1.20. Var þá sett að drykkju. Von bráðar veiktist Sigurborg og lagðist fyrir. Skömmu síðar stóð X upp og fór í yfirhöfn sína. Síðan fór hún út með ákærða. Þau höfðu talað saman, meðan þau voru inni í herberginu, og virtist Sigurgeiri, að vel færi á með þeim. Ekki mundi hann, um hvað þau

voru að tala. Ekki kvaðst hann hafa gert sér grein fyrir, hvort X væri að fara út úr hótelinu eða hvort hún fylgdi ákærða í öðrum erindum. Hvorugt þeirra kom aftur. Þau Sigurborg voru nokkurn tíma um kyrrt í herberginu; að álitu hans ekki skemur en 10 mínútur og ekki lengur en hálf tíma. Fóru þau þá bæði út. Hann kvaðst ekki minnst þess að hafa hitt ákærða á leiðinni út, enda hafi hann verið það mikið drukkin, að sum tímabil hafi horfið úr minni sínu. Þó fannst honum sennilegra, að ákærði hefði opnað fyrir þeim útidyrnar. Fyrir utan hótelið skildi hann við Sigurborgu og gekk vestur Vestmannabraut. Móts við húsið Vestmannabraut 72 heyrði hann köll, og er hann gætti að nánar, sá hann, að X stóð þar, illa á sig komin. Hún var mjög æst og talaði um árekstra og vandræði, sem átt hafi sér stað milli hennar og ákærða. Kvaðst hann muna óglögg, hvaða orð hún viðhafði. Hann fylgdi henni niður Vestmannabraut og mætti þá lögreglunni. Fóru þau þá svo bæði upp á lögreglustöð. Þar varð X eftir, en sjálfur kvaðst hann hafa farið heim.

Sigurborg Engilbertsdóttir kvaðst hafa hitt Sigurgeir Scheving inni á Smárabar rétt fyrir kvöldmat þriðjudaginn 19. september 1961, og hafi hann boðið henni upp á Hótel HB, en hún ekki þegið boðið. Hún fór á bió um kvöldið, en er sýningu var lokið, fór hún aftur inn á Smárabar. Rétt áður en lokað var, kom X hlaupandi inn og beiddi hana að koma með sér upp á Hótel HB. Ekki minntist X á, hvern eða hverja þær skyldu finna, enda kvaðst hún ekki hafa spurt um það. Hins vegar bjóst hún við, að tilætlunin væri að hitta Sigurgeir Scheving. Féllst hún á að verða X samferða, og fóru þær gangandi. Hún kvaðst halda, að X hafi verið eitthvað undir áhrifum víns, en sjálf hafði hún einskis víns neytt. Er þær komu að hótelinu, fór X á undan upp tröppurnar, og í sömu svifum var ákærði að ljúka upp fyrir stúlku. Kallaði þá X til hennar og sagði henni að koma. Gekk hún þá upp tröppurnar, og hleypti ákærði þeim inn, og var þá Sigurgeir Scheving þar fyrir. Hann bauð þeim upp á herbergi nr. 304, og fór ákærði þangað með þeim. Ekkert vín var til, er þær komu. Um tólfleytið fór Sigurgeir út til þess að ná í vín, en þær X biðu í herberginu á meðan, og var ákærði hjá þeim. Urðu þær brátt óþolinmóðar að bíða og höfðu báðar orð á, að þær vildu fara heim, en ákærði hafi sagt, að hann gæti ekki hleypt þeim út, vegna þess að Sigurgeir væri með útidyralkilinn. Eftir um hálf tíma kom Sigurgeir aftur og var með ginflösku meðferðis. Sátu þau svo um stund

í herberginu og brögðuðu á víninu. Ákærði var undir áhrifum og Sigurgeir einnig. Hún kvaðst ekki hafa orðið þess vör, að ákærði leitaði neitt sérstaklega á X, meðan þau voru þarna inni, en þó sá hún, að hann var eitthvað smávegis að flangsa utan í hana, og einnig heyrði hún, að ákærði beiddi hana að koma með sér í næsta herbergi. Ekki varð hún þess vör, að X svaraði því neinu. Síðar stóðu þau upp og gengu út, og kvaðst hún hafa haldið, að þau ætluðu inn í næsta herbergi og væru í svokölluðum „gamehugleiðingum“. Eftir að þau ákærði og X voru farin, kvaðst Sigurborg hafa dvalið um stund í herberginu og Sigurgeir hjá henni. Kvaðst hún hafa verið hálfslasin og kennt flökurleika og lagt sig fyrir, en eftir skamman tíma leið flökurleikinn frá. Upp úr þessu vildi hún fara að fara og hafði orð á því við Sigurgeir. Fóru þau svo bæði og hittu ákærða við dyrnar á setustofunni á annarri hæð. Kvaðst hún hafa spurt ákærða, hvort X væri farin, og hafi hann svarað, að hún væri farin fyrir löngu. Ekki veitti hún því athygli, að ákærði væri neitt öðruvísi en hann átti að sér að vera. Síðan opnaði ákærði fyrir þeim og hleypti þeim út. Fyrir utan hótelið skildi hún við Sigurgeir og fór heim að sofa. Hún gizkaði á, að liðið hefðu um 20—25 mínútur, frá því að þau ákærði og X gengu út úr herberginu og þar til þau Sigurgeir fóru. Hvorki hún né Sigurgeir urðu vör við nokkurn hávaða eða ryskingar í hótelinu, meðan þau voru þar.

Auður Halldórsdóttir, sem þá var aðstoðarstúlka í eldhúsi hótelsins, kvaðst hafa farið í bíó umrætt kvöld og komið heim kl. 2230 og setið um stund inni í eldhúsi hótelsins ásamt Helgu Magnúsdóttur, þjónustustúlku í salnum, og kunningja sínum, Gunnari Karlssyni. Um kl. 1200 fóru þær inn í herbergi sitt, nr. 202 á miðhæð, og Gunnar með þeim. Helga fór að sofa, en Auður var á tali við Gunnar þar til kl. 0330, en fór þá að sofa. Hún sagði, að hljótt hefði verið í húsinu alla nóttina, að því undanteknu að gengið hafi verið um stiga og ganga hótelsins. Hún sagði, að mjög hljóðbært væri í húsinu. Á þriðja tímanum heyrði hún, að dyrabjallan hringdi, og gerði hún ráð fyrir, að ákærði gengi til dyra. En haldið var áfram að hringja góða stund, og fór hún því fram. Hún barði á dyrnar á herbergi ákærða, en enginn svaraði, og tók síðan í hurðarhúnninn, en dyrnar voru læstar. Þóttist hún vita, að ákærði væri ekki í herberginu, enda var það vani hans að láta herbergið vera ólæst, er hann var heima, hvort sem var á nóttu eða degi. Hún hafði

ekki heldur heyrt neinn umgang um herbergið um nóttina. Hún gekk síðan til dyra og opnaði. Voru fyrir utan tveir menn, sem á þessum tíma bjuggu í ákveðnu herbergi á hótelinu. Það herbergi var læst og lykillinn lokaður inni í sal hótelsins. Hún vissi, að lykill að herbergi nr. 310 stóð í skránni, og vísaði mönnunum þangað. Hún sagði, að klukkan hefði verið 0245, er þetta gerðist. Ljós var á gangi annarrar hæðar, en slökkt á fyrstu hæð, er hún kom niður. Hún varð ekki vör við ákærða um nóttina, að því undanteknu að um þrjúleytið var hann að tala við fólk á gangi 2. hæðar, en ekki veitti hún því frekari athygli. Hún kvaðst hafa farið daginn eftir ásamt tveimur öðrum starfsstúlkum um alla neðstu hæð hótelsins svo og kjallara og ekki séð neitt óvenjulegt.

Gunnar Karlsson kvaðst hafa komið í hótelið um kl. 2300 á þriðjudagskvöldið og dvalið að mestu í herbergi vinstúlkunnar, Auðar Halldórsdóttur. Hafi þau vakað fram undir kl. 0400 um nóttina, og kvaðst hann ekki hafa tekið eftir neinum hávaða eða umgangi um nóttina öðrum en þeim, að allöngu áður en þau fóru að sofa, hafi verið hringt dyrabjölllu og barið á útidyrarhurð. Hafi þetta staðið nokkra stund, þar til Auður fór niður. Er hún kom aftur, sagði hún, að þetta hefðu verið strákar, sem hefðu herbergi uppi.

Sigurður Þorkelsson, Hellissandi, og Sæberg Guðjónsson, Grettisgötu 94 í Reykjavík, bjuggu á þessum tíma í herbergi nr. 402 á hótelinu. Þeir komu að hótelinu á seinni hálf tímanum í þrjú um nóttina. Dyrum var læst og dimmt í anddyri hótelsins. Þeir hringdu dyrabjöllunni og börðu á hurðina, en enginn kom til dyra fyrst um sinn. Að liðnum nokkrum tíma, allt að 10 mínútum að álitum Sæbergs, kom starfsstúlka á hótelinu niður, kveikti ljós, opnaði hurðina og hleypti þeim inn. Þeir komust ekki inn í herbergi sitt, vegna þess að þá vantaði lykil, en stúlkan kom þeim fyrir í öðru herbergi. Þar var enginn rúmfatnaður, og ræddu þeir um að fara burt. Heyrðu þeir þá umgang og opnuðu hurðina. Fór Sigurgeir út og hitti ákærða í stiganum, sem liggur niður í aðalsalinn. Hann beiddi ákærða um lykil, og fóru þeir báðir niður í sal, og þar afhenti ákærði honum lykil að herbergi þeirra félaga. Ákærði spurði, hver hefði hleypt þeim inn, og kvaðst Sigurgeir hafa sagt honum það. Annað töluðu þeir ekki saman. Sigurgeir kvaðst ekki hafa merkt vínáhrif á ákærða. Hvorugur þeirra kvaðst hafa tekið eftir nokkru óvenjulegu í anddyri hótelsins, er þeir komu inn,

hvorki munum né öðru. Ekki urðu þeir heldur varir við neinn á ferli í hótelinu, frá því þeir komu að dyrunum og þar til stúlkan kom og hleypti þeim inn. Sigurgeir sagði, að ákærði hefði ávallt hleypt þeim félögum inn og út af hótelinu, er þeir komu eða fóru að næturlagi, nema í þetta eina skipti.

Helga Bergljót Magnúsdóttir, þjónustustúlka á hótelinu á þessum tíma, kvaðst hafa farið í bíó um kvöldið með Auði Halldórsdóttur. Komu þær heim um kl. 2230 og sátu í eldhúsinu fram undir kl. 2400. Fór hún svo inn í herbergi sitt ásamt Auði og lagðist til svefns skömmu síðar og svaf vært alla nóttina, og raskaði ekkert svefnró hennar. Hún sagði, að mjög hljóðbært væri í hótelinu, og mun heyrast upp á herbergi hennar, ef talast er við í anddyri hótelsins. Hún sagði, að ákærði hefði komið snöggvast inn í eldhúsið til þeirra um kl. 2300, og hafi hann þá ekki verið áberandi ölvaður.

Hrefna Guðmundsdóttir, Grundarstíg 17, Reykjavík, starfaði á hótelinu um þetta leyti. Hún kvaðst hafa setið ein inni í eldhúsi um tólfleytið. Hafi þá ákærði komið þangað og beðið um heftiplástur handa stúlku, sem hafði verið bitin. Ekki vissi hún, hvaða stúlka þetta var, en stúlkan hefði staðið við útidyrnar ásamt Sigurgeiri Scheving, og hefðu þau verið að tala saman. Hún kvaðst síðan hafa gengið inn í herbergi sitt og farið að sofa. Um eittleytið kom ákærði inn í herbergi hennar og bað aftur um plástur og þá fyrir aðra stúlku, að því er hann sagði. Hún kvaðst síðan hafa farið að sofa, en vaknað við hringingu í dyrabjöllunni, og var hringt töluvert lengi. Síðan var opnað, en áður, að hún hélt, heyrði hún lykli snúið í hurð. Ekki vissi hún, hvað klukkan var. Eftir þetta fór hún að sofa og vissi ekki, hvað síðar gerðist. Hún sagði, að ákærði hefði verið nokkuð undir áhrifum, er hann kom að biðja um plásturinn í fyrra skiptið og einnig er hann kom í síðara skiptið, en þó hafi henni virzt, að þá hafi minna borið á áfengisáhrifum hans. Hún sagði, að morguninn eftir hafi jakki ákærða verið frammi í eldhúsi, en buxur á stól í skrifstofu hans. Hún kvaðst hafa heyrt um þá atburði, sem áttu að hafa gerzt um nóttina, morguninn eftir og fór ásamt þjónustustúlku að aðgæta, hvort þær sæju eitthvað, sem benti til þessara atburða. En hún sá ekki neitt óvenjulegt annað en tómar gosdrykkjaflöskur og nærri tóma gínflösku, fulla öskubakka og öryggisnælu, sem lá á gólfinu.

Eins og framanritað ber með sér, gætir mikils ósamræmis í frásögnum ákærða og kæranda, X, af umræddum atburðum,

og greinir þau mjög á um veigamikil atriði. Margt í frásögn ákærða er með litlum sennileikablæ. Hann kveður viðureignina hafa átt sér stað í anddyri hótelsins og viðurkennir, að hún hafi verið bæði löng og illvíg, en samt urðu engir, sem í hótelinu bjuggu eða dvöldu, hennar varir, og voru þó allir sammála um, að mjög hljóðbært sé í húsinu. Einnig heldur ákærði því fram, að átökin hafi eingöngu stafað af því, að hann var að reyna að koma henni út úr húsinu. Meðal annars er þetta ósennilegt af þeirri ástæðu, að kærandi er bæði lítil og grönn. Hún var á 19. ári, er þessi atburður gerðist, en um vorið 1962 reyndist hún 157 cm á hæð og um 47 kg að þyngd. Svo hefur og ákærða ekki tekizt að gefa á því neinar viðhlítandi skýringar, hvers vegna kærandi var bæði sokkalaus og buxnalaus, er átökum þeirra lauk.

Um margt ber þeim saman ákærða og kæranda. Ákærði viðurkennir að hafa leitað eftir samförum við kærandi, meðan þau voru inni á umræddu herbergi um nóttina, og einnig segir hann, að hún hafi látið í ljós ósk um að fara að fara, áður en þau gengu út úr herberginu. Ljóst er einnig af framburði hans og öðrum gögnum, að kærandi tók með sér allt það, sem henni tilheyrði, er hún yfirgaf herbergið. Ákærði virðist einnig fallast á, að allir áverkar, sem voru á líkama hennar, er hún kom til lögreglunnar, hafi stafað af hans völdum.

Ástandi kæranda eftir viðureignina er lýst hér að framan, ótta hennar og geðshræringu, hvernig klæðnaði hennar var farið og hvaða áverka hún bar. Með það í huga og sérstaklega með tilliti til þess, að hún var án buxna og með áverka á kynfærum, og jafnframt er upplýst, að ákærði hafði skömmu áður leitað eftir samförum við hana, og þar sem framburður ákærða getur ekki talizt trúverðugur, þykir bera að líta svo á, að framburður kæranda sé réttur í meginatriðum. Gengið verður því út frá, að ákærði hafi farið með hana niður í kjallara hótelsins og reynt þar að hafa við hana samfarir gegn vilja hennar, en ekki þykir heimilt að líta svo á, að brot hafi verið fullframið. Af þessu leiðir, að framferði hans varðar aðeins við 194. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga svo og 217. gr. sömu laga.

Kærandi hefur sett fram skaðabótakröfu á hendur ákærða, og sundurliðast krafan þannig:

Hreinsun á kápu	kr. 50.00
Regnhlíf	— 390.00

1 par nylonsokkar	—	68.00
Magabelti	—	76.00
2 stk. crepebuxur	—	116.00
Áverka- og miskabætur		-12.000.00

Alls kr. 12.700.00

Ákærði samþykkir þrjá fyrstu liðina, samt. kr. 508.00, en mótmælir hinum. Magabeltið glataðist ekki, og er ekki sýnt fram á, að það hafi eyðilagzt. Sá liður, kr. 76.00, verður því ekki tekinn til greina. Aðrar buxurnar komu í leitirnar og, að því er virðist, óskemmdar. Hinar fundust ekki. Verður ákærði því dæmdur til að greiða andvirði þeirra, kr. 58.00.

Krafa kæranda um áverka- og miskabætur virðist ekki ósanngjörn og verður því tekin til greina að fullu.

Samkvæmt þessu ber ákærða að greiða kæranda kr. 508.00 + kr. 58.00 + kr. 12.000.00 eða alls kr. 12.566.00.

Refsing ákærða fyrir framangreint brot þykir samkvæmt tilvísuðum lagaákvæðum hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða, þar á meðal sak-sóknarlaun skipaðs sækjanda, Theodórs S. Georgssonar héraðs-dómslögmanns, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Aðalsteinsson Ólafsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Hann greiði kr. 12.566.00 í skaðabætur til X.

Hann greiði allan sakarkostnað og þar á meðal málssóknar-laun, kr. 8.000.00, til skipaðs sækjanda, Theodórs S. Georgs-sonar héraðsdómslögmanns, og kr. 8.000.00 í málsvarnar-laun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttar-lögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
